

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 277/2008 um aðgerðir til að tryggja flugöryggi
og skrá yfir flugrekendur er ekki uppfylla viðeigandi öryggiskröfur.**

1. gr.

Við 3. tl. 4. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, z, sem orðast svo:

- z. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/963 frá 16. júní 2016, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2016.

2. gr.

Viðaukar A og B við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2322 frá 10. desember 2015, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 í fylgiskjali IV við reglugerðina, falla niður.

3. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/963 frá 16. júní 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, með þeim breytum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1, um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2016 frá 28. október 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63 17. nóvember 2016, bls. 276-304.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 146. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 30. júní 2017.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Gunnar Órn Indriðason.